

Fundur stjórnar Íshokkisambands Íslands

Miðvikudagur 6. mars 2024 klukkan 17:00

Fundarstaður: Engjavegur 6 og Microsoft Teams, fjarfundur.

Mættir voru: Helgi Páll Þórisson formaður, (HP), Hilmar Leifsson (HL), Sigrún Agata (SA), Ingólfur Elíasson (IE), Viðar Garðarsson framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

Á Teams: Guðlaug Ingibjörg Þorsteinsdóttir (GIP) Olgeir Olgeirsson (OO), Bergur Jónsson (BJ),

Fjarverandi: Arnar Sveinsson (AS),

Lögð var fram fundargerð síðasta fundar sem haldin var 31. Janúar Formaður fór yfir hana og las upp þar sem hún hafði ekki borist stjórnarmönnum og var hún samþykkt.

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhagsstöðu sambandsins þar sem ríkir nokkur lausafjárskortur sem stendur. Skortur þessi orsakast af verkefnum síðasta árs sem urðu útgjaldameiri en reiknað hafði verið með. Markmiðið er að sambandið nái vopnum sínum á árinu 2025 en ljóst er að reksturinn verður þungur á þessu ári.

Rædd var kostnaðar þátttaka í karla og kvennaliðum sambandsins. Stjórn var sammála um að veruleg kostnaðarþátttaka gæti haft umtalsverð neikvæð áhrif á liðin og því væri áriðandi að hafa þessa gjaldtöku hófstilla. Eftir nokkuð ýtarlega umræðu var ákveðið að kostnaðarþátttaka í landsliðum karla og kvenna yrði hin sama 45000 á hvern leikmann.

Enn á ný var til umræðu aðbúnaður leikja í Egilshöll, framkvæmdastjóra var falið að taka málið upp við framkvæmdastjóra Egilshallar og eða framkvæmdastjóra Fjölnis, þar sem félagið segir að það fái ekki hljómgrunn með sínar óskir um lagfæringar.

Rætt var um komandi þing IIHF í maí mánuði 2024. Ákveðið var að formaður og framkvæmdastjóri yrðu fulltrúar ÍHÍ en einnig að varaformaður færi sem gestur.

Rætt var um lokahóf ÍHÍ þann 18 maí, ein hugmynd sem verið er að skoða er að endurvekja í tengslum við það bæjarkeppni milli Akureyrar og Reykjavíkur og reyna að gera mikið úr viðburðinum, mögulega hæfileikakeppni þeirra yngri einnig fyrr um daginn.

Rætt var um hvort afhenda ætti bæði gull og silfur fyrir keppnir í mfl karla og kvenna. Stjórnin sammála um að þar sem formið er hrein úrslitakeppni, að það ætti bara að afhenda gull. Framkvæmdastjóra falið að skrifa upp ferlið hvernig þetta á að gerast. Þannig að það verði staðlað og allir viti hvernig framkvæmdin er.

Ræddar voru dómaratilnefningar í komandi úrslitakeppni og einnig skýrði framkvæmdastóri frá fundi sínum og yfirdómara með Ingibjörgu Hjartardóttir.

Fleira ekki rætt og fundi slitið.